Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Dómsmálaráðuneytið
Skrifstofa löggæslumála

Norðurlandi vestra, 23. október 2026

Efni: *Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögreglulögum og fleiri lögum (skipulagsbreytingar hjá lögreglu). Mál nr. S-198/2026*

Öflug og sýnileg löggæsla er ein af grunnforsendum öryggis íbúa og búsetu í dreifbýlum landshlutum. Á Norðurlandi vestra, þar sem vegalengdir eru miklar, skipta nálægð lögreglu, viðbragðstími og staðbundin þekking sérstaklega miklu máli, bæði í daglegri þjónustu og í samstarfi lögreglu við sveitarfélög, skóla, barnavernd og heilbrigðisþjónustu.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) lýsir yfir áhyggjum af fyrirhugaðri sameiningu embættis lögreglustjórans á Norðurlandi vestra við embættin á Norðurlandi eystra, Vestfjörðum og Vesturlandi. Stjórn SSNV gerir sérstaklega athugasemd við að þær tryggingar sem gefnar eru í greinargerð um starfsstöðvar, störf og staðbundna stjórnun eru hvergi festar í frumvarpinu sjálfu.

Stjórn SSNV ítrekar bókun sína frá 5. júní 2026 um fyrirhugaðar breytingar á lögregluembættum. Þar lagði stjórnin áherslu á að tryggður yrði áframhaldandi rekstur lögreglustöðva í landshlutanum, að staðinn yrði vörður um þau sérhæfðu störf og þá þekkingu sem byggð hefur verið upp innan embættisins og að ákvarðanir yrðu teknar í virku samráði við sveitarfélög.

Starfsstöðvar og stjórnendur verði tryggð

Samkvæmt c-lið 3. gr. frumvarpsins á ráðherra að ákveða í reglugerð hvar aðalstöðvar lögreglustjóra verða, hvar aðstoðarlögreglustjórar hafa starfsstöð og hvar lögreglustöðvar verða starfræktar. Í greinargerð segir að hvorki starfsfólki né starfsstöðvum verði fækkað og að miðað sé við að aðstoðarlögreglustjórar verði þar sem lögreglustjóri var fyrir. Stjórn SSNV telur að slík grundvallaratriði eigi að koma fram í lögunum sjálfum en ekki aðeins í greinargerð og reglugerð sem breyta má hvenær sem er.

Stjórn SSNV leggur til að í lögin verði sett ákvæði um að starfsstöðvar lögreglu sem starfræktar eru við gildistöku laganna verði áfram starfræktar og að aðstoðarlögreglustjóri hafi starfsstöð á Sauðárkróki.

Samráð við sveitarfélög

Samkvæmt frumvarpinu á ráðherra aðeins að hafa samráð við lögreglustjóra áður en ákveðið er hvar aðalstöðvar og lögreglustöðvar verða. Stjórn SSNV telur það ófullnægjandi. Staðsetning lögreglustöðva og stjórnenda hefur bein áhrif á öryggi íbúa, opinber störf og samfélagsþróun í hverju byggðarlagi. Stjórnin leggur til að í ákvæðinu verði einnig kveðið á um samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög og landshlutasamtök.

Landsverkefni og byggðaáhrif

Stjórn SSNV fagnar því að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að landsbyggðarembættin geti tekið að sér verkefni á landsvísu. Stjórnin leggur áherslu á að slík verkefni verði staðsett víðar en í stærstu þéttbýlisstöðum hins nýja umdæmis og að Norðurland vestra njóti þar sanngjarnrar hlutdeildar.

Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
ssnv@ssnv.is
Sími 419-4550
www.ssnv.is

Í kafla um mat á áhrifum er hvorki fjallað um áhrif breytinganna á opinber störf á landsbyggðinni né á þjónustu og viðbragðstíma í einstökum landshlutum. Stjórn SSNV leggur til að slíkt mat fari fram áður en frumvarpið verður lagt fram og að fylgst verði með viðbragðstíma og þjónustu eftir sameininguna.

Stjórn SSNV leggur því höfuðáherslu á:

- að núverandi starfsstöðvar lögreglu á Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga verði tryggðar í lögum,
- að aðstoðarlögreglustjóri hafi starfsstöð á Sauðárkróki,
- að skylt verði að hafa samráð við sveitarfélög og landshlutasamtök áður en ákvarðanir eru teknar um staðsetningu starfsstöðva og stjórnenda,
- að verkefni á landsvísu verði einnig staðsett á Norðurlandi vestra,
- og að byggðaáhrif breytinganna verði metin og að fylgst verði með viðbragðstíma og þjónustu eftir sameininguna.

Stjórn SSNV leggur áherslu á að hagsmunir íbúa og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra verði hafðir að leiðarljósi við framkvæmd breytinganna, þannig að stærri embætti leiði til öflugri löggæslu um allt land en ekki til þess að þjónusta og störf færist frá landshlutanum.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri